

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

29. desember 2014

Efni: Urðunarstaður í land Höskuldsstaða í Dalabyggð – Endurnýjuð umsókn um starfsleyfi.

Meðfylgjandi er endurnýjuð umsókn Dalabyggðar vegna fyrirhugaðs urðunarstaðar sveitarfélagsins í landi Höskuldsstaða við Laxárdalsveg. Helstu áfangar tengdir umsókninni eru:

- Þann 6. desember 2013 var Skiplagsstofnun send fyrirspurn um matskyldu fyrir nýjan urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í Dalabyggð og nágrenni.
- Samhliða þessu var unnið að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar og gerð deiliskipulags fyrir nýjan urðunarstað.
- Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínu þann 17. desember 2013 að auglýsa skipulagsbreytinguna. Samþykkt deiliskipulag var gefið út 1. júlí 2014.
- Þann 3. mars 2014 var Umhverfisstofnun send starfsleyfisumsókn Dalabyggðar.
- Í bréfi Umhverfisstofnunar frá 31. mars 2014 kom meðal annars fram að vatnajarðfræðilegar upplýsingar vantaði um urðunarstaðinn og við því þyrfti að bregðast áður en starfsleyfi væri auglýst.
- Undirbúningur og rannsóknir á nýju urðunarsvæði töfðust mikið vegna ytri aðstæðna en er nú lokið og fylgja niðurstöður í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar með endurnýjaðri umsókn.
- Þegar starfsleyfi liggur fyrir er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við nýjan urðunarstað. Vonast er til að það verði vorið 2015.
- Þá verður óvirkt efni sem ekki nýtist við frágang á eldri stað fjarlæggt og flutt á nýjan urðunarstað og gengið endanlega frá eldri stað samkvæmt lokunaráætlun.
- Vöktun samkvæmt tillögu að vöktun fyrir nýjan stað og samkvæmt lokunaráætlun fyrir eldri stað hófst haustið 2014.

Meðfylgjandi er endurnýjuð umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað fyrir óvirkan úrgang Dalabyggðar í landi Höskuldsstaða.

Virðingarfyllt,
Axel Valur Birgisson, Mannvit.

Afrit.: Dalabyggð